

Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Emils Gunnlaugssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 18. nóvember 1960.

Nr. 109/1960. **Ákærvaldið** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
 gegn

Daníel Halldórsson (Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot á umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Daníel Halldórsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Benedikts Sigurjónssonar og Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 2500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. nóvember 1959.

Ár 1959, laugardaginn 27. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í lögreglustöðinni af Ólafi Þorlákssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5971/1959: Ákærvaldið gegn Daníel Halldórssyni, sem dómtekið var 14. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 16. október s.l., á hendur Daníel Halldórssyni bifreiðarstjóra, Tryggvastöðum, Seltjarnarnesi, fyrir að hafa milli kl. 1.00 og 2.00 aðfaranótt mánudagsins 20. júlí s.l. ekið bifreiðinni G 1796 hraðar en lögheimilt er, eða með allt að 115 km hraða á klst., milli Selfoss og Reykjavíkur.

Telst þetta varða við 49. gr. og 2. mgr. 50. gr., sbr. 1. mgr. 80. gr., umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 31. maí 1934 að Kvíarholti, Holtahreppi, Rangárvallasýslu. Hann hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

Í Reykjavík:

1955 12/9 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

— 7/10 Áminning fyrir að hanga í bíl.

1957 30/8 Dómur: 400 kr. sekt fyrir að fá ökuleyfislausum manni stjórn bifreiðar.

1958 9/10 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Málavextir eru þeir, að hinn 20. júlí s.l. kærðu þeir lögregluþjónn nr. 87, Guðni Sturlaugsson, og Jón Sigurðsson bifreiðaeftirlitsmaður, Selfossi, yfir ofsahröðum akstri bifreiðarinnar G 1796 þá um nóttina, er ákærði í máli þessu ók umrætt skipti. Þeir Guðni og Jón hafa báðir komið fyrir dóm sem vitni og skýrt frá atvikum mjög á sömu lund. Segjast þeir hafa verið í löggæzlu-bifreiðinni X 94 skammt austan við afleggjarann að Þórustöðum í Ölfusi um kl. 1.20 um nóttina 20/7 s.l., er þeir veittu athygli bifreiðinni G 1796, er fór þar um á mjög miklum hraða. Veittu þeir fyrrgreindri bifreið þegar eftirför til að freista þess að binda endi á hinn ógætilega akstur ökumannsins.

Vitnin, Guðni og Jón, hafa borið, að hraði eftirlitsbifreiðarinnar hafi verið frá 95—115 km pr. klst. samkvæmt hraðamæli bifreiðarinnar, allt frá upphafi eftirfararinnar og þar til kom að brekkunum í Kömbum, og hafi bifreiðin G 1796 verið skammt á undan löggæzlubifreiðinni X 94 alla þá leið, en þó hafi dregið í

sundur með bifreiðunum þrátt fyrir hinn mikla hraða löggæzlu-bifreiðarinnar X 94, er á eftir fór. Þá hafa fyrrnefnd vitni getið þess bæði, að löggæzlubifreiðin X 94 sé á yfirstærðarhjólborðum, þannig að hraðamælir bifreiðarinnar sýni minni hraða en hinn raunverulegi hraði bifreiðarinnar sé hverju sinni. Segja vitnin, að hraðamælir bifreiðarinnar X 94 hafi verið samprófaður hraðamæli nýs lögreglubíls í Reykjavík, R 2010, en sá bíll sé á þeirri hjólabarðastærð, er hraðamælir þess bíls sé stilltur inn á, og hafi þá komið í ljós, að er lögreglubifreiðinni R 2010 var ekið með 80 km pr. klst., þá hafi hraðamælir X 94 sýnt rúma 70 km pr. klst. Segja vitnin, eins og að framan getur, að hraðamælir X 94 sýni þetta minni hraða en hinn raunverulega hraða, þar eð bifreiðin sé nú á hjólabarðastærð 750×16, en frá verksmiðjunnar hálfu sé bifreiðin afhent á hjólabarðastærðinni 650×16.

Á Kambabrun hættu þeir Jón bifreiðaeftirlitsmaður og Guðni lögregluþjónn eftirförinni að bifreiðinni G 1796, en þar tók við löggæzlubifreiðin R 6947.

Í þeirri bifreið voru lögreglumennirnir Jóhannes Björgvinsson varðstjóri og Kristinn Óskarsson. Hafa þeir báðir komið fyrir dóm sem vitni.

Vitnið Jóhannes hefur skýrt svo frá, að það hafi verið statt í löggæzlubifreiðinni R 6947 ásamt Kristni lögreglumanni á vegar-spottanum, er liggur af þjóðvegnum heim að Hveragerði. Kl. ca 1.25 kveðst vitnið hafa orðið vart við bifreið lögreglunnar á Selfossi, X 94, er kom akandi áleiðis til Reykjavíkur á mjög mikilli ferð. Vitnið segir, að þeir lögreglumenn hafi farið á eftir bifreiðinni X 94, náð henni efst á Kambabrun og fengið vitneskju þar um eftirför bifreiðarinnar X 94 að bifreiðinni G 1796. Vitnið kveðst ekki hafa veitt bifreiðinni G 1796 sérstaka eftirtekt, er hún ók framhjá heimreiðinni að Hveragerði, en þarna á Kambabrun varð það úr, að vitnið og Kristinn lögregluþjónn hófu eftirför á bifreiðinni R 6947 og ætluðu að reyna að draga uppi bifreiðina G 1796. Vitnið, sem ók bifreiðinni R 6947, kveðst hafa ekið alla leið til Reykjavíkur á ofsahraða, eða eins hratt og hann treysti bifreið sinni, en ekki gat vitnið nefnt ákveðinn hraða í því sambandi, þar eð hraðamælir bifreiðarinnar R 6947 var bilaður, en telur sig þó hafa ekið mestalla leiðina á um og yfir 100 km hraða pr. klst. Vitnið hélt áfram til Reykjavíkur, án þess að verða vart við bifreiðina G 1796, utan þess að hann hafði tal af bifreiðarstjóra bifreiðarinnar R 8240 skammt vestan við Geitháls, en þá

hafði bifreiðin G 1796 skömmu áður ekið fram úr þeirri bifreið á mikilli ferð. Skömmu eftir að vitnið kom til Reykjavíkur, varð það bifreiðarinnar G 1796 vart á Lækjartorgi, og var þá bifreiðarstjórinn færður á lögreglustöðina.

Vitnið kveðst hafa ekið frá Hveragerði til Reykjavíkur í umrætt sinn á 35 mínútum, og eru þá meðtaldar tvær stöðvanir, er urðu á leiðinni, en þær voru mjög skammar.

Vitnið Kristinn Óskarsson hefur komið fyrir dóm, en það var ásamt vitninu Jóhannesi í bifreiðinni R 6947, eins og að framan getur. Vitnið hefur borið, að það hafi tekið eftir bifreiðinni G 1796, er hún ók framhjá afleggjaranum heim að Hveragerði áleiðis til Reykjavíkur, og hafi það verið ca 2—3 mínútum áður en bifreiðin X 94 ók þar hjá. Vitnið segir, að ökumaður R 6947, vitnið Jóhannes, hafi ekið á mjög miklum hraða allt frá Hveragerði til Reykjavíkur, og telur vitnið, að bifreið þeirra hafi farið mestan hluta leiðarinnar á yfir 100 km hraða pr. klst., enda segir vitnið, að þeir hafi verið komnir til Reykjavíkur rétt um kl. 02.00 um nóttina, og farið því frá Hveragerði til Reykjavíkur á rúmum 30 mínútum.

Í sambandi við framburð tveggja síðasttalinna vitna hefur verið lögð fram í dóminum skýrsla frá vegamálastjóra um núverandi vegalengd frá afleggjaranum heim að Hveragerði og að Lækjartorgi í Reykjavík, og er sú vegalengd talin 44.5 km samkvæmt mælingum vegagerðar ríkisins.

Þá hefur komið fyrir dóm sem vitnið ökumaður bifreiðarinnar R 8240, Guðmundur Már Bjarnason. Vitnið hefur skýrt svo frá, að bifreiðin G 1796 hafi ekið fram úr bifreið sinni í umrætt skipti á vegarkaflanum á Sandskeiði. Vitnið segist hafa fylgt vel með hraða bifreiðar sinnar, er framúraksturinn átti sér stað, og hafi hraðamælirinn sýnt kringum 70 km pr. klst. Vitnið segir, að bifreiðinni G 1796 hafi verið ekið á miklu meiri hraða en bifreiðinni R 8240, þar sem bifreiðin G 1796 geystist fram úr bifreið vitnisins. Jókst síðan billið jafnt og þétt milli bifreiðanna, enda þótt vitnið æki bifreið sinni á 70—80 km hraða pr. klst., unz bifreiðin G 1796 hvarf sjónum vitnisins skömmu síðar.

Þá hafa farþegar, er voru í bifreið ákærða, G 1796, í umrætt skipti, mætt sem vitni.

1. Vitnið Gréta Jónsdóttir verzlunarstúlka kveðst hafa fylgt nokkuð með akstri ákærða, og segir það hann hafa ekið mjög

hratt með köflum. Vitnið, sem hefur ökuréttindi og kveðst aka bifreið, áætla, að hraðinn hafi ekki verið minni en 100 km pr. klst., er hraðast var farið.

2. Vitnið Aðalheiður Björnsdóttir afgreiðslustúlka segist hafa fylgzt með akstri ákærða umrætt skipti, og hafi hann ekið mjög hratt og glannalega alla leiðina.

3. Vitnið Rannveig Gísladóttir verkakona segir, að ákærði hafi ekið mjög hratt, en vitnið hefur ekki treyst sér til að áætla hraðann í km pr. klst.

Önnur vitni, er voru í bifreið ákærða umrætt skipti, og komið hafa fyrir dóm, hafa ekki treyst sér til að bera um hraða bifreiðarinnar G 1796.

Fyrir dómi hefur ákærði skýrt svo frá, að hann hafi ekið umrædda leið með jöfnum hraða, en þó eigi yfir ca 80 km pr. klst., er hraðast var farið. Því til stuðnings hefur ákærði sagt, að bifreiðin G 1796 hafi verið biluð umrætt skipti, þannig að ekki hafi verið hægt að koma bifreiðinni í hátt ganghraðastig og af þeim sökum útilokað að aka henni yfir ca 80 km pr. klst. Ákærði hefur skýrt frá, að hámarkshraði bifreiðarinnar umrætt sinn sé ágizkun sín, þar eð hraðamælir G 1796 var þá bilaður.

Ákærði kveðst ekki hafa orðið var við lögreglubifreiðina, fyrr en í Blesugróf í Reykjavík kom. Þá segist ákærði hafa séð lögreglubifreiðina (R 6947), skammt fyrir ofan gatnamótin „Suðurland—Vesturland“.

Bifreiðin G 1796 var reynd í akstri strax um nóttina, að eltingaleiknum afstöðnum, af þeim Ásmundi Matthíassyni lögreglu-
manni og vitninu Kristni Óskarssyni. Fyrst prófaði Ásmundur bifreiðina, en tókst ekki að koma henni í hátt ganghraðastig. Síðan tók vitnið Kristinn við stjórn bifreiðarinnar, og hefur það skýrt svo frá, að ganghraðaskipting bifreiðarinnar hafi verið eitthvað biluð, en eftir nokkrar tilraunir kveðst vitnið hafa komið bifreiðinni G 1796 í hæsta ganghraðastig og þá hafa getað ekið bifreiðinni á miklum hraða. Ásamt Ásmundi og Kristni var í bifreiðinni við reynsluaksturinn vitnið Jón Sigurðsson. Vitnið hefur skýrt svo frá, að fyrst hafi Ásmundur lögregluþjónn ekið bifreiðinni, en ekki komið henni úr lægri ganghraðastigi. Síðan hafi Kristinn lögreglumaður reynt bifreiðina og komið henni eftir nokkrar tilraunir í hærri ganghraðastigann, og þá hafi verið hægt að aka bifreiðinni mjög hratt. Vitnið, sem er bifreiðaeftirlitsmaður, kveðst þess fullvisst, að bifreiðin G

1796 hafi farið í hærra ganghraðastig hjá Kristni, og kveðst vitnið hafa merkt það bæði á hraða og gangi bifreiðarinnar.

Að morgni hins 20. júlí var bifreiðin G 1796 færð til skoðunar og prófunar til bifreiðaeftirlits ríkisins í Borgartúni. Bifreiðin reyndist að mestu í lagi, en ekki tókst bifreiðaeftirlitsmanni þeim, er prófaði bifreiðina, að koma henni í hátt gangahraðastig, og reyndist þá hámarkshraði bifreiðarinnar vera 79 km pr. klst.

Samkvæmt framburðum vitna, sem hér að framan eru raktir um akstursmáta ákærða í umrætt skipti, þykir fullsannað, að ákærði hafi ekið bifreiðinni G 1796 með ofsahraða allt frá Þóru-stöðum í Ölfusi og til Reykjavíkur. Sú fullyrðing ákærða, að bifreiðin hafi verið biluð nefnt skipti, þannig að einungis hafi verið unnt að koma henni í lágt ganghraðastig með algerum hámarkshraða 70—80 km pr. klst., þykir ekki hafa við rök að styðjast, enda eru framburðir vitna þeirra, er að prófun bifreiðarinnar stóðu strax að afloknum eltingaleiknum, þeirri fullyrðingu ákærða andstæðir.

Þykir ákærði því hafa gerzt sekur um þau umferðarlagabrot, er í ákæruskjali greinir og rakin eru að framan.

Hæfileg refsing ákærða telst vera 1500.00 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga í stað sektarinnar.

Þá greiði ákærði allan sakarkostnað.

Krafa um ökuleyfissviptingu af ákæruvaldsins hálfu hefur ekki komið fram í máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði, Daníel Halldórsson, greiði 1500.00 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 10 daga varðhaldi, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.